


Bjarni Gíslason



Bjarni Gíslason fæddist í Reykjavík 17. júlí 1929. Hann lést 25. ágúst 2019 á Landspítalanum.

Foreldrar hans voru Gísli Ingimundarson, f. 21.10. 1897, d. 5.5. 1976, og Helga Bjarnadóttir, f. 17.3. 1905, d. 12.6. 1980. Bjarni var elstur af fjórum systkinum. Þau eru María Gísladóttir, f. 1.12. 1930, d. 2.1. 1994, Trausti Gíslason, f. 10.6. 1936, og Emil Gíslason, f. 9.8. 1940, d. 22.8. 1996.

Hinn 18. nóvember 1950 kvæntist Bjarni Erlu Þorvaldsdóttur, f. 9.11. 1931, d. 10.3. 2014. Foreldrar Erlu voru Kristín Súsanna Elíasdóttir, f. 11.7. 1896, d. 22.10. 1985, og Þorvaldur R. Helgason, f. 3.10. 1893, d. 26.10. 1974. Börn Erlu og Bjarna eru: 1) Helga Bjarnadóttir, f. 17.3. 1951, d. 24.6. 2009. Maki Eggert Valur Þorkelsson. Börn Helgu eru: Sigríður Margrét Einarsdóttir, f. 13.10. 1972. Maki Einar H. Rögnvaldsson. Börn: Fjölur Þór Einarsson, f. 10.1. 1996, Einar Örn Steinarsson, f. 25.8. 1999, Emilía Ósk Steinarsdóttir, f. 17.2. 2003. Einar Geir Einarsson, f. 20.9. 1974. Maki María Ósk Einarsdóttir. Börn: Rebekka Lind, f. 20.6. 2005, Máni Geir, f. 27.3. 2015. Bjarni Þór Einarsson, f. 20.9. 1974. Maki Guðlaug Jóhannsdóttir. Börn: Aron Þór, f. 18.2. 2008, og Helga, f. 22.10. 2010. Erla Rut Eggertsdóttir, f. 17.7. 1994, maki Ingi Óli Andersen. Barn: Óliver Leó, f. 2.8. 2018. Börn Eggerts fyrir eru: Sunneva, f. 14.10. 1975, Hulda Margrét, f. 18.2. 1979, Gísli Valur f. 11.9. 1981, og Gunnar Örn, f. 3.2. 1983. 2) Þórir Bjarnason, f. 8.6. 1956. Maki Sigrún Gunnlaugsdóttir. Börn Þóris eru: Ása Lára Þórisdóttir, f. 5.7. 1978, maki Sigurður Hervinsson. Börn: Ólöf Erla, f. 10.12. 2004, og Gabriel Þór, f. 24.12. 2007. Erla Súsanna Þórisdóttir, f. 17.2. 1982. Maki Freyr Alexandersson. Börn: Alexandra Ósk, f. 17.9. 2008, Embla Marín, f. 7.9. 2010, og Daníel Freyr f. 21.8. 2018. Fanney Ósk Þórisdóttir, f. 25.10. 1991. Maki Sigurður Rósant Júlíusson. Börn: Þórir

Jökull, f. 26.3. 2013, og Leó Rósant, f. 3.10. 2018. Börn Sigrúnar fyrir eru: Hulda Dagbjört, f. 18.5. 1968, Sóley, f. 21.10. 1973, og Davíð, f. 21.1. 1979. 3) Anna Kristín Bjarnfoss, f. 18.1. 1964. Maki Carsten Frøslev. Börn Önnu: Brynjar Árni Heimisson Bjarnfoss, f. 29.6. 1986. Maki Adina Semanek. Benjamin Frøslev Bjarnfoss, f. 9.5. 2006. Börn Carstens fyrir eru Mattías, f. 28.1. 1991, Sebastián, f. 7.7. 1995, Magnús, f. 8.6. 1997.

Bjarni ólst upp í Reykjavík og lauk meistaraprófi í málaraíð 28. mars 1950 frá lönskólanum í Reykjavík. Hann starfaði sem málameistari um langt árabil. Síðustu 16 árin af starfsferlinum starfaði hann sem húsvörður í Frímúrarahúsinu í Reykjavík. Bjarni var lengi liðtækur félagi í Málameistarafélagi Íslands, Karlakór Reykjavíkur og Frímúrarareglunni á Íslandi. Bjarni bjó alla ævi í Reykjavík með eiginkonu sinni fyrir utan árin 1972-1984 er þau bjuggu í Silfurtúni í Garðabæ.

Útför Bjarna fer fram frá Víðalínaskirkju í dag, 4. september 2019, og hefst athöfnin klukkan 13.

Í dag kveðjum við elsku pabba sem glaður náði að fagna níðæðisafmæli sínu sl. júlí í blíðskaparveðri. Fyrir það erum við þakklát í dag. Pabbi var traustur maður og stóð með sínu fólki. Oft hrjúfur á yfirborðinu og lá ekki á skoðunum sínum ef honum mislíkaði eitthvað. En það var líka stutt í glettnina, og var þá blikkað með öðru auganu og brosið læddist fram. Hann var alla tíð mikill vinnubjarkur og allt sem hann tók sér fyrir hendur var gert af mikilli atorku. Hugur og minni voru í góðu lagi til hins síðasta. Hann fylgdist vel með þjóð- og heimsmálum og hafði skoðanir á reiðum höndum þegar nýjustu fréttir bárust í tal. Hann var með eindæmum músíkalskur og þurfti einungis að heyra lag einu sinni til að geta spilað það á píanóið af fingrum fram. Við eigum margar minningar af honum við píanóið með fjölskyldu og vinum. Djass var hans uppáhald en hann spilaði líka vinsælustu lögin hverju sinni, jólalögin í jólaboðunum og yfirleitt öll þau lög sem hlustendaskarinn bað um. Pabbi elskaði að syngja. Með sinni djúpu bassarödd söng hann í yfir 40 ár í Karlakór Reykjavíkur. Þeir eru fjölmargir tónleikarnir sem hann tók þátt í í gegnum árin og hafði alltaf jafn gaman af. Félagsskapurinn í kórnum var honum og mömmu mikils virði og tóku þau virkan þátt í félagsstarfinu í mörg ár.

Það var stór viðburður á bernskuárum okkar þegar ferð til útlanda var á döfinni og gjarnan kallað í þá daga „að fara í siglingu“. Mamma og pabbi fóru í mörg ferðalögin með kórfélögunum og þess utan var hin fræga Baltica-ferð til Miðjarðarhafsins 1966 lengi í minnum höfð. Þvílíkar framandi gjafir sem okkur börnunum voru færðar úr þeirri ferð. Við fórum „í siglingu“ með mömmu og pabba í fyrsta skipti þegar við vorum 10 og 18 ára. Þar á undan voru það útilegur á suðvesturhorni landsins sem mynduðu rammann um ferðalög fjölskyldunnar. Leiðin lá til Bandaríkjanna og Kanada og var það ógleymanleg ferð. Árin eftir fórum við saman til Norðurlandanna, Búlgaríu og Spánnar og nutum hvers augnabliks. Seinna meir lá leiðin oft til Danmerkur til yngstu dótturinnar og ótaldar eru ferðirnar upp í sumarbústað þeirra Þóris og Sigrúnar á Þingvöllum sem heitir Birkihóll eftir bústað gömlu hjónanna í Reykjaskógi til margra ára. Birkihóll var líf þeirra og yndi. Alltaf voru verkefni í gangi. Byggja við og bæta og gera land og bústað fallegri með hverju árinu. Margar voru þær haldnar grillveislurnar á Birkihóli með ljúffengu lambalæri og tilheyrandi meðlæti. Þá voru þau gömlu í essinu sínu.

Pabbi og mamma bjuggu á Dvalarheimilinu Grund síðustu ár ævinnar. Þar undu þau hag sínum vel þrátt fyrir hrakandi heilsu mömmu, sem lést fyrir fimm árum. Pabbi saknaði hennar fram á síðasta dag og er það huggun harmi gegn að vita að þau eru nú sameinuð á ný ásamt Helgu systur okkar og öðrum góðum sálum. Við viljum þakka öllu starfsfólkinu á Dvalarheimilinu Grund fyrir þeirra góðu umönnun og hlýju í garð foreldra okkar. Blessuð sé minning þín, elsku pabbi.

Bórir og Anna Kristín.

Elsku afi.

Ég lygndi aftur augunum og hönd þín vermdi mína. Minningarnar streyma að og birtast mér ljóslífandi fyrir sjónum. Ég sá hólinn við Ingólfsfjall þegar leið okkar lá í sumarbústaðinn í Biskupstungum en þú spurðir mig alltaf hvað þessi hóll hét og ég svaraði um hæl stolt í bragði Kögunarhóll. Ég heyrði hljóðið í brjóstsykrinum sem hristist í krukkunni í hanskahólfinu og man brosið hennar ömmu Erlu þegar hún rétti mér og Brynjari frænda krukkuna og bauð okkur mola. Þegar við renndum í hlað var keppst um að fá að opna hliðið og ég sé fyrir mér bílinn keyra varlega inn í hlaðið. Ég sé fyrir mér langan grasstíg að fallega himinbláa sumarbústaðnum Birkihól og mér hlýnar um hjartarætur. Það voru góðar minningar af ferðum okkar upp í sumarbústað með ömmu og afa. Þar var ýmislegt brallað og þú iðulega að bardúsa við hitt og þetta. Stundum fékk ég að vera með þér í þeim verkum og það var heiður að fá að hjálpa afa. Hugsanirnar streyma og nú færast þær yfir í heimahagana ykkar ömmu þar sem þú varst húsvörður en mér fannst þú alltaf vera konungur þessa kastala sem nefndist Skúlagata. Í hvert skipti sem ég keyrði framhjá sagði ég stolt í bragði að afi minn og amma byggju þarna. Skúlagatan var sannkallað völundarhús og einstaklega spennandi staður fyrir forvitna krakka. Ég finn lyktina þegar ég kem inn í rúmgott anddyrið og horfi á fallegar vistarverur þínar og ömmu. Ég opna dyrnar inn í sal og þar situr þú og spilar á píanóð og syngur hástöfum fallett lag. Þú varst tónelskur og ljómaðir á bak við píanóð. Við fjölskyldan nutum góðs af því á jölunum og það var sungið og dansað í kringum stórt jólatré í sal Frímúrarareglunnar og ekki má gleyma kræsingunum sem voru á boðstólum en þið amma voruð sannarlega höfðingjar heim að sækja. Þú hafðir allmarga mannkosti sem ber að nefna. Þú varst einstaklega stríðinn og mikill húmoristi. Þú varst skemmtilegur karl. Þér var annt um fólkið þitt og sérstaklega barnabörnin og barnabarnabörnin og spurðir alltaf einlæglega hvernig okkur gengi og tókst það nærri þér ef eitthvað bjátaði á. Stelpurnar mínar kölluðu þig djúsafa því það var alltaf í boði að fá djús hjá þér á Grund en það var líka alltaf í boði að knúsa þig og gefa koss og þú tókst vel á móti slíkum gjöfum. Sérstaklega varstu hrifinn af yngstu meðlimum fjölskyldunnar og ég er þakklát fyrir að yngsta barn okkar Freys hafi fengið að hitta þig. Ég trúir því að ferðalag þitt sé rétt að byrja og handan við hólinn sé eitthvað stórkostlegt sem bíður þín og þegar þú rennur í hlað mun gott fólk taka á móti þér. Það er hins vegar komið að kveðjustund hjá okkur og ég kveð þig með söknuði og í þetta skipti loka ég hliðinu og fer ekki með þér í sumarlandið. Að lokum sé ég þig fyrir mér þar sem þú þenur út bringuna og hefur raust þína og syngur:

Blátt lítið blóm eitt er,
ber nafnið: Gleymdu ei mér.

Væri ég fleygur fugl

flygi ég til þín.

Svo mína sálu nú

sigraða hefur þú,

engu ég unna má

öðru en þér.

(Þýsk þjóðvísa)

Takk fyrir samfylgdina, elsku afi.

Erla Súsanna Þórisdóttir

og fjölskylda.

Elsku afi.

Þú hefur nú fengið hvíldina, laus við þjáningar og ég trúi því að þú sért sáttur. Ég trúi því að nú hafir þú hitt ömmu og mömmu á ný. Það var það sem þú þráðir heitast. Það er ekki hægt að setja sig í þau spor að missa maka sinn eftir að hafa verið samferða í tugi ára. Sársauki þinn var mikill.

Þakklæti er mér efst í huga þegar ég hugsa til allra þeirra góðu minninga sem ég á með ykkur ömmu. Þær voru margar stundirnar sem ég eyddi með ykkur í Faxatúninu sem barn og svo þegar þið amma keyptuð sumarbústaðinn, Birkihól. Þar eyddi fjölskyldan miklum tíma saman og ég elskaði að vera þar með ykkur. Man alltaf eftir því þegar ég fékk að mála skúrinn fyrir utan bústaðinn og þú varst að kenna mér handtökin, enda mikill fagmaður í þinni iðn. Ég var afar stolt af mér því ég fékk mikið hrós frá afa.

Það voru ófáar ferðirnar sem við fórum á smá flakk saman. Man sérstaklega eftir því þegar við fórum í Ikea saman og eins og oft þegar maður fer þangað ætlar maður jafnvel bara að skoða eða í mesta lagi kaupa sprittkerti. Ég sannfærði þig um að það væri best að ég rúllaði þér bara í hjólastólnum og þú samþykktir það. Þegar við vorum komin í gegnum búðina sást varla í þig fyrir handklæðum, kertapökkum og einhverjum kössum því kaupin urðu aðeins meiri en áætlað var og engin innkaupakarfa og því öllu dótinu hlaðið í fangið á þér. Yfir þessu fengum við algjört hláturskast og rifjuðum við þetta oft upp.

Kórsöng og músík og þá sérstaklega djassmúsík hafðir þú mikla ástríðu fyrir og fékk ég eins og margir að njóta þess. Ég hef aldrei þekkt neinn sem spilaði eins flott á píanó bara eftir eyranu, aldrei með nótur. Allir tónleikarnir með Karlakór Reykjavíkur sem þú varst í, í yfir 40 ár. Ég fékk stundum að vera með ykkur ömmu á tónleikunum og fékk ég að vera í því hlutverki að labba inn á sviðið og gefa blóm að loknum tónleikum. Það var erfitt fyrir þig sem elskaðir að syngja í kór og spila á píanó þegar heyrnin fór að gefa sig. Þú áttir skiljanlega erfitt með að sætta þig við það.

Það verður tómlegt að hafa þig ekki hér hjá okkur lengur. Þitt sæti verður nú autt á jólnum, það verður skrítið. Það gaf okkur svo mikið að hafa þig hjá okkur. Þú fylgdist vel með því hvað var að gerast hjá okkur barnabörnunum og varst áhugasamur að vita hvað við værum að gera og spurðir oft fréttu. Langafabörnin eru nú orðin stór hópur og þú fylgdist vel með þeim líka. Það er ekki svo langt síðan þú mættir á handboltaleik með okkur til að sjá Emilíu Ósk okkar keppa, varst svo stoltur af henni og áhugasamur. Einar Örn okkar, elsta langafabarnið þitt, náði þeim áfanga að útskrifast sem stúdent sl. vor, þeim viðburði vildir þú ekki missa af og mættir í veisluna þó að þú hafir verið hálfslappur.

Nú ertu kominn í faðm ömmu á ný og ég veit að hún og mamma hafa tekið vel á móti þér. Þú ferð eflaust brátt að spila djass á flygilinn þar og munt syngja annan bassa í einhverjum englakórnum, hver veit.

Elska þig afi minn. Hafðu þökk fyrir allt, hvíl í friði.

Þín

*Sigríður Margrét
Einarsdóttir (Sirrý).*

Á góðum stundum hjá Karlakór Reykjavíkur og síðar hjá eldri félögum var eins og tilveran lyftist á annað stig þegar bassinn raddmjúki, Bjarni Gíslason, settist við píanóið og tók að sveifla djassinum. Brátt var allt á iði og gleðin skein úr andlitum

viðstaddra. Til varð eftirminnileg stund. Svona verður ljóslifandi, minningin um þennan góða félag, þegar stundaglasíð hefur verið tæmt.

Bjarni gekk í raðir Karlakórs Reykjavíkur árið 1964 og átti sinn stað í fremstu röð annars bassa, áratugum saman. Síðan bættist hann í hóp eldri félaga kórsins og átti þar góð ár í áratug. Sannarlega eins og bjargið traust.

En minningin um Bjarna er nátengd hans góðu konu – Erlu Þorvaldsdóttur sem alla tíð var eins og hluti af Karlakór Reykjavíkur, enda formaður kvenfélags kórsins um skeið og virk í öllu starfi. Bjarni var einnig í stjórn Karlakórs Reykjavíkur um tíma og hafði örugglega góð áhrif á blóðþrýstinginn.

Stundum er það þannig með hjón, að þau eru nefnd bæði í sömu andrá. Þannig var það með Bjarna og Erlu en hún lést fyrir fimm árum.

Við eldri félagar í Karlakór Reykjavíkur minnumst góðs félaga og vottum aðstandendum samúð okkar.

Fyrir hönd eldri félaga,

Reynir Ingibjartsson.

HINSTA KVEÐJA

Elsku langafi minn

þú ert æðislegur, fyndinn, skemmtilegur og sætur.

Þú færð mig alltaf til að hlæja og brosa.

Vonandi líður þér vel þarna uppi.

Ástarkveðja, þín

Alexandra Ósk Freysdóttir.